

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/09

frá 20. ágúst 2012

um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 14 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 5787)

(2012/483/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.
- 2) Að því er varðar nokkur tiltekin efni eða samsetningar efna og sæfivöruflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi fyrir matið, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.
- 3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti 17. janúar 2011.

4) Innan þriggja mánaða frá rafrænni birtingu upplýsinganna lýstu nokkur fyrirtæki áhuga á því að taka við hlutverki þátttakanda, að því er varðar sum viðkomandi efni og sæfivöruflokka, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

5) Því er rétt að ákveða nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir þessi efni og sæfivöruflokka í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Nýjum fresti til að leggja fram málsskjöl fyrir efnin og sæfivöruflokkana, sem eru tilgreind í viðaukanum, lýkur 30. september 2013.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 226, 22.8.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

VIÐAUKI

Efni og sæfivöruflokkar þar sem nýr frestur, 30. september 2013, hefur verið settur fyrir framlagningu málskjala

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur	Skýrslugjafar- aðildarríki
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	2	DK
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	7	DK
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	9	DK
2-fenoxýetanól	204-589-7	122-99-6	3	UK